



29. stjórnarfundur LH

12. okt. 2020 kl. 20.00

Fjarfundur

Mættir: Lárus Ástmar Hannesson formaður, Ólafur Þórisson, Stefán Logi Haraldsson, Sóley Margeirsdóttir, Ágúst Hafsteinsson og Oddrún Ýr Sigurðardóttir úr aðalstjórn, Siguroddur Pétursson, Ómar Ingi Ómarsson og Lilja Björk Reynisdóttir úr varastjórn.

Fjarverandi: Eggert Hjartarson úr aðalstjórn, Þórdís Arnardóttir og Rósa Birna Þorvaldsdóttir úr varastjórn.

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir.

Formaður setur fund og stjórnar fundi.

1. Samþykkt fundargerðar 28. fundar

2. Meistaradeildin og landsliðsnefnd (fylgiskjal)

Landsliðsnefnd sendi bréf til Meistaradeildar þar sem landsliðsnefnd lýsti yfir áhuga á að koma að rekstri Meistaradeildarinnar. Ný stjórn Meistaradeildar hefur verið skipuð og rekstur deildarinnar er í góðum farvegi.

Afgreiðsla: Stjórnin er ósátt við hluta af innihaldi bréfs sem landsliðsnefnd LH sendi til Meistaradeildar í hestaíþróttum. Í þeim hluta bréfsins fer landsliðsnefnd út fyrir valdsvið sitt með því að setja fram atriði eins og ráðningu starfsmanns inná skrifstofu LH. Landsliðsnefnd hefur ekki sent inn neitt erindi til stjórnar LH um ósk eða hugmynd um ráðningu starfsmanns til LH. Stjórn LH ber fjárhagslega ábyrgð á Landssambandi hestamannafélaga og er því sá aðili sem sér um allar mannráðningar fyrir samtökin. Framkvæmdarstjóri hefði ekki átt að skrifa undir innihald bréfsins án samþykkis stjórnar. Stjórnarmenn í landsliðsnefnd eru beðnir að koma þessari áánægju stjórnar til landsliðsnefndar um óásættanleg vinnubrögð.

3. Drög að samningi við Skagfirðinga v. Landsmóts 2026

Drög að samningi við Skagfirðinga liggja fyrir, samningurinn er á sömu nótum og samningur um landsmót 2018, 2022 og 2024. Stefnt er á að samningur verði undirritaður í Skagafirði á næstu vikum.

4. Drög að samningi við Norðurlönd v. Sportfengs

Viðræður milli aðila eru í fullum gangi. Stefnt á að ljúka samningum á næstu vikum.

Afgreiðsla: Samningurinn verður sendur á stjórn LH til samþykkjar eftir yfirlestur hjá RML.

5. Framkvæmd skeiðkappreiðna – álit keppnisnefndar

Stjórn vísaði til keppnisnefndar að fara yfir framkvæmd skeiðkappreiðna á Metamóti Sprettis. Keppnisnefnd skilaði eftirfarandi álit:

Keppnisnefnd telur að töltkeppnin á Metamóti hafi farið löglega fram og ekkert út á þann hluta að setja. Gæðingakeppnin á beinni braut er ekki lögleg keppnisgrein og hefur keppnisnefnd ekkert um þann hluta að segja.

Kappreiðarnar virðast hafa farið rétt fram fyrir utan eitt atriði og það er að eitt er klárt að ólöglegt er að keppa í 250m skeiði og 150m skeiði á sama hesti á sama móti. Vill



keppnisnefnd benda á að í siðareglum stendur að keppendur beri ábyrgð á sinni skráningu.

Bendum á reglu G.1.5. í FEIF reglum. Einnig Tafla G.10.7.4. (liður G og liður J)

G.1.5 í FEIF-reglum:

„Responsibilities of competitors, coaches and trainers

The competitors themselves play a highly critical role in promoting and safeguarding fair play in their sport. For whatever the responsibilities or actions of others, in the end it is the competitors who can most directly influence whether or not the play is fair by understanding all the Rules that govern their discipline, and by faithfully observing them even when nobody is watching.

High profile competitors must recognise how influential their example can be for others, and accept their responsibilities as role models. This applies to their actions both on and off the horse, and in the warm-up area as well as the competitive arena.“

Bendum líka á töflu 2.7.4.4 *Dæmt úr leik og agareglur*, í lögum og reglum LH:

„F) Knapi hunsar reglur í grein sem hann er að keppa í“ og

„M) Blekking eða tilraun til blekkingar við skráningu eða þátttöku á móti, t.d. boðar ekki forföll.“

Keppnisnefnd vill því að allir tímar Sigurbjörns Bárðarsonar verði ógildir á Metamóti Spretts. Mótaskýrsla og skráning í sportfeng virðist vera í miklu lamasessi og þarf að fara yfir þó nokkur atriði þar. Starfsmenn, dómarar, skráðir yfirdómarar.

Keppnisnefnd vill láta skerpa á reglum varðandi hjálmanotkun við startbása og einnig að koma inn orðalagi varðandi að startbásar verði að vera lokaðir að aftan áður en opnað er að framan.

Vill keppnisnefnd áréttu að mótshaldarar kynni sér reglur betur og að mótshaldarar, yfirdómarar, mótstjóri geri sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem þeir beri í þessum störfum og klári álitamál innan þess tímaramma hvers móts.

Keppnisnefnd bendir á að allar reglur um kappreiðar séu aðgengilegar á heimasíðu LH.

Afgreiðsla: Samþykkt að fá álit laganevndar á að ógilda árangur eins knapa í keppni á þessum fyrirliggjandi forsendum og hvort brotalöm í skráningu mótaskýrslu hafi áhrif á lögmæti keppninnar. Liður um brot á siðareglum vísað til aganevndar. Bréf var sent til Hestamannafélagsins Spretts um framkvæmd kappreiðna á Metamóti, beðið er svars.

6. Átta mánaða uppgjör reikninga

Farið yfir stöðu reikninga LH janúar til ágúst og áætlun fyrir árið 2020. Framkvæmdastjóri og gjaldkeri fóru yfir stöðuna sem er nokkuð í takt við áætlanir.

7. Önnur mál



a. Vefverslun á heimasíðu LH.

Tilboð Stefnu um uppsetningu hljóðar upp á 185.000 m. vsk. og mánaðargjald er 2000 kr. m.vsk. sem bætist við núverandi áskrift sem er 15.778 kr. Skrifstofu falið að fá nánari upplýsingar um hvernig vefverslunin virkar og hversu mikla þjónustu búast má við að Stefna þurfi að veita aukalega.

b. LH Kappi – appið

Í nýjustu uppfærslu Kappa kom inn sá möguleiki að setja auglýsingar inn í appið. Stjórn LH samþykkti á fundi þann 16. júní 2020 að stefnt verði á að appið verði selt frá og með 1. nóvember. Skiptar skoðanir eru í tölvunefnd um hvort rétt sé að selja app sem er jafnframt með auglýsingum.

Afgreiðsla: Samþykkt að formaður og varaformaður boði til fundar með tölvunefnd. Taka þarf saman tekjur og kostnað af Sportfeng og Kappa árin 2018 – 2020.

c. Stjórn áréttar að brýna þarf fyrir starfsmönnum LH að fylgja lögum og reglum LH og nota ávallt hjálm. Formanni falið að senda bréf til landsliðsnefndar þess efnis að skýr krafa sé gerð til þeirra sem skipa íslenska landsliðið og gegna ábyrgðarstöðum fyrir íslenska landsliðið, noti hjálm og sú krafa komi fram í samningum sem gerðir eru við knapa og starfsmenn.

Fundi slitið um kl. 22.10